



# HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

28. apríl 2023

Mál: 2023-04-0136

Sóley Valdimarsdóttir  
Verkefnastjóri skipulagsmála  
Sveitarfélagið Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstöðum

## Efni: Umsögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Ketilsstaða 2.

Með tölvupósti dags. 4. apríl 2023 óskaði Sveitarfélagið Múlaþing eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Ketilsstaða 2. Fyrirhuguð náma er í landi Ketilsstaða 2 á Völlum, í ógrónum áraurum/eyrum Grímsár norðan Urriðalækjaróss. Fram kemur að efni hafi verið mokað úr eyrinni til einkanota og Grímsá fyllt upp í námusvæðið. Auk umsóknar um framkvæmdaleyfi, var meðfylgjandi skjalið „Lífríki og gerð Grímsár“ og umsögn stjórnar veiðifélags Grímsár vegna fyrirhugaðrar efnistöku.

Heildarflatarmál fyrirhugaðrar efnistöku og haugsvæðis er 22.029 m<sup>2</sup>. Áætlað er að efnitaka verði unnin næstu þrjú árin og teknir sem nemur um 8.000 m<sup>3</sup> af efni á ári eða samtals u.þ.b. 24.000 m<sup>3</sup>. Meðaldýpt efnistöku er áætluð um 2 m.

## Grímsá

Grímsá fellur í Lagarfljót nokkru innan við Egilsstaði og er fiskgengi hluti hennar um 10 km, að Grímsárvirkjun. Ofar skiptist áin í Múlaá, sem fellur um Suðurdal, og Geitdalsá sem fellur um Norðurdal. Upptök árinna eru háland og áin fremur efnasnauð. Vatnasvið árinna er um 585 km<sup>2</sup> (Sigurjón Rist 1990). Reglulegar rannsóknir hafa farið fram á þéttleika og ástandi seiða í Grímsá en þær rannsóknir eru í tengslum við vöktun á ástandi fiskstofna í vatnakerfum á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar (Ingi Rúnar Jónsson og Friðþjófur Árnason 2021). Urriða- og bleikjuseiði hafa veiðst í rannsóknarveiðum í Grímsá, en metinn þéttleiki þeirra er mjög lítill. Eitt laxaseiði veiddist í rannsóknnum árið 2016. Stangveiði er stunduð í Grímsá, en ekki liggja fyrir skráningar á veiði. Fram kemur í umsögn veiðifélags að laxaseiðum hafi verið sleppt í ána síðustu þrjú ár.

## Efnistökusvæði

Svæðið þar sem efnitaka er fyrirhuguð er á fiskgengum hluta Grímsár, um 3,5 km neðan við brú á Þjóðvegi. Áin rennur á þessum kafla á miklum eyrarsvæðum með tiltölulega lágum bökkum, sem eru vel grónir þegar komið er uppúr núverandi farvegi árinna. Mikið af efni hefur nú þegar verið tekið úr farvegi árinna og á eyrarsvæðum í kringum.

Við gerð vinnsluáætlunar verði það haft að markmiði að lágmarka rask á árfarvegnum, áhrif á lífríki árinna og draga úr rennsli vatns yfir vinnslusvæðið meginhluta vinnslutímabilsins. Gert er ráð fyrir að unnt sé að vinna efni að miklu leiti allan ársins hring á þess að hafa áhrif á árfarveginn og halda

flutningsleiðum í lágmarki. Stærð vinnslusvæðis verði ákvörðuð með það að markmiði að vinna efni úr hæfilega stóru svæði í einu, og að ljúka vinnslu og frágangi á hverjum hluta náunnar áður en ráðist er í næsta hluta hennar.

Vinnsluáætlun tekur yfir allt framkvæmdasvæði og mun framkvæmdaraðili meta ástand árinna á hverju ári og gera tillögu um efnisvinnslu næsta tímabils. Efni þarf að haugsetja innan svæðisins í flestum tilfellum m.a. til að vatni renni úr því. Reynt verður að staðsetja hauga þar sem minnst er hættu á að fok úr haugum valdi óþægindum eða neikvæðum áhrifum. Geymslutími á hverjum haug ræðst af þörfinni á að taka efni úr ánni á hverju svæði sem og eftirspurn eftir efni. Efnisflutningar gætu farið fram allt árið og gert er ráð fyrir að efnið verði flutt úr haugum á vörubílum. Val á tækjum fer eftir magni og aðstæðum á hverjum stað hverju sinni. Megin flutningsleið er um Hringveg af vegslóðum sem þegar eru til staðar.

## Umsögn

Efnistaka úr farvegi straumvatna hefur bein áhrif á þær lífverur sem fyrir eru á námasvæðinu. Farvegurinn dýpkar, straumhraði minnkar og fínna efni situr eftir. Þannig getur efnistaka úr árbotni haft neikvæð áhrif á uppeldis- og hrygningarsvæði laxfiska og getur að auki einnig spilt veiðistöðum. Áhrif efnistöku úr árfarvegi getur náð talsvert út fyrir hinn eiginlega efnistökuastað. Botnefni ofan efnistökuastaðar fer á skrið vegna breyttra strauma/botnlags og leitar niður í efnistökgryfjur. Talsverður tími getur liðið þar til slík ársvæði hafa jafnað sig. Að auki getur grugg sem myndast vegna efnistöku haft skaðlega áhrif á lífríkið neðan efnistökuastaðar. Almenna reglan ætti því að vera sú að við malarnám sé leitað annarra svæða en í eða við vatnsföll og Hafrannsóknastofnun mælir eindregið gegn efnistöku sem hefur í för með sér beina snertingu við virkan farveg straumvatna.

Í umsókninni kemur fram að náman verði í ógrónum eyrum Grímsár, en samkvæmt afmörkun náunnar á mynd í umsókninni er miðað við að sneiða lítið eða ógróin svæði inn á milli gróinna svæða. Ekki liggur fyrir hver yfirborðshæð efnistökusvæðisins er, en þar sem gert er ráð fyrir að meðaltali um 2 m efnistökuþétt, má ætla að botn efnistökusvæðisins verði kominn, a.m.k. á hluta svæðisins, nærri eða niður fyrir núverandi vatnsborð árinna á svæðinu. Það felur í sér hættu á því að áin brjóti sér leið inn á námasvæðið með raski á rennsli og á árfarveginum. Af loftmyndum að dæma, sem og áliti veiðifélagsins, rennur áin nú í tveimur kvíslum á þessu svæði og er námasvæðið á milli þeirra. Nauðsynlegt verður því að þvera aðra kvíslina við flutning á tækjum og efni. Rennsli Grímsár getur verið mjög breytilegt og því mikil hættu á að áin flæði um námasvæðið í flóðum, auk þess sem líkur eru til að hún gæti náð til efnishauga. Ekki virðist vera gert ráð fyrir settjörnum til að fella út jarðvegsefni sem skolast úr haugunum. Mikilvægt er að við efnisvinnslu og þvott efnisins séu settjarnir nógu stórar til að mest af gruggi og efnium sem berst með skolvatni nái að setjast til í tjörnunum en berist ekki út í árvatnið.

Við framkvæmdir við ár og vötn þarf sérstaklega að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki.

- 1) Framkvæmdaðili skal gæta þess að hafa ekki áhrif á vatn árinna svo sem að grugga það upp.
- 2) Tryggja skal að olíur, bensín eða önnur skaðleg efni sem geta verið á áhöldum eða vélum berist ekki í árvatnið og takmarka skal akstur farartækja yfir ána eins og kostur er.
- 3) Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið eins og kostur er og gæta þess að spilla ekki árbökkum eða botni árinna vegna framkvæmdarinnar.

Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um efnistöku úr eyrum Grímsár, eins og lýst er í umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Ketilsstaða 2 dagsett 19. október 2022, er það mat Hafrannsóknastofnunar að efnistakan hafi neikvæð áhrif á lífríki árinna. Það með talið seiðauppeldi, sem síðar geti komið fram í minni stofnstærð fiska og veiði. Ekki eru fyrirbyggjandi gögn til að meta hversu mikil eða langvarandi þau neikvæðu áhrif kunna að verða.

Bent er á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33 grein V. kafla laga um lax- og silungsveiði (nr. 61/2006 með síðari breytingum).

**Heimildir:**

Ingi Rúnar Jónsson og Friðbjófur Árnason. 2021. Fiskirannsóknir á vatnasviði Lagarfljóts og Gilsár 2020. Hafrannsóknastofnun. HV 2021054. 41 bls.

Sigurjón Rist. 1990. Vatns er þörf. Bókaútgáfa menningarsjóðs, Reykjavík. 248 bls.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

*Ingi R. Jónsson*